



Árið 2024 í fáum orðum

Starfið árið 2024 var í senn hefðbundið og tók einnig á sig breytta mynd. Hefðbundið í þeim skilningi að álíka margir gestir komu til okkar og undanfarin ár, afhendingar á pappír voru að sama skapi álíka margar og áður og að umfangi einnig. Áfram var unnið að ljósmyndun mikilvægra skjala og þau gerð aðgengileg á netinu og kynning á safninu og mikilvægi þess í samfélaginu hélt áfram á samfélagsmiðlum og með sýningu í nóvember.

Breytingar á starfseminni felast í því að eftirlits- og ráðgjafarhlutverkið hefur vaxið og breyst á undanförnum árum. Héraðsskjalasafnið á Akureyri er opinbert skjalasafn og hefur samkvæmt lögum eftirlitshlutverk með framkvæmd sveitarfélaga og stofnana þeirra á lögum um opinber skjalasöfn og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra. Á árinu 2024 fólst eftirlitshlutverkið einkum í því að kanna hvaða rafrænu gagnakerfi verið er að nota hjá afhendingarskyldum aðilum. Sú vinna hófst árið 2023. Einnig var áhersla lögð á að kerfin yrðu tilkynnt sbr. reglur nr. 877/2020 um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum. Með fylgdi ráðgjöf við endurskoðun málalykla og skjalavistunaráætlana, gerð handbóka í samræmi við áðurnefndar reglur og annað sem lítur að rafrænum skilum framtíðarinnar.

Mikilvægar breytingar á starfsumhverfi opinberra skjalasafna tóku gildi á miðju sumri þegar lög um breytingar á lögum um opinber skjalasöfn tóku gildi. Með lögnum var lögfest sú meginregla að afhendingarskyld skjöl skuli afhenda opinberu skjalasafni á því formi sem skjölin urðu til á, m.ö.o. ef skjal verður til rafrænt þá skal afhenda það sem slíkt.

Með lögnum urðu heimildir til gjaldtöku skýrari, ásamt því að setja gjaldskrá yfir ákveðna þjónustu. Gjaldskrár skulu taka mið af þeim raunkostnaði sem skjalavarsla felur í sér t.d. húsnæðis- og launa-kostnaði, kostnaði við þjónustu og ráðgjöf o.s.frv. Samkvæmt lögum eiga sveitarfélögin sjálf að bera þann kostnað sem langtímaskjalavarsla felur í sér. Heimildum til gjaldtöku fyrir skjalavörsluna er ætlað að tryggja jafnræði milli sveitarfélaga óháð því hvort þau eigi og reki eigið opinbert skjalasafn eða afhendi skjöl sín á Þjóðskjalasafni.

Stofnfundur Miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu (MHR) var haldinn 9. febrúar og var safnið, fyrir hönd Akureyrarbæjar, stofnaðili að miðstöðinni. Tilgangur miðstöðvarinnar er að annast sameiginlega móttöku og prófun rafrænna gagnasafna fyrir sófnin sem aðild eiga, ásamt því að veita tæknilega ráðgjöf og þjónustu í tengslum við rafræna varðveislu.

Pakki opnaður

Í maí 2000 afhenti Dýrleif Skjöldal (1924-2022) safninu pakka til varðveislu. Pakkinn var með þeim skilmálum að hann yrði lokaður til ársins 2024. Í upphafi árs stóð það upp á starfsfólkið að finna út með hvaða hætti best yrði komið að því að opna hann. Niðurstaðan var að hann var opnaður 8. maí en Dýrleif hefði orðið 100 ára þann 9. Viðstödd voru börn hennar og voru þau fyrstu gestirnir til þess að skoða innihaldið. Í pakkanum voru margs konar persónuleg skjöl, s.s. bréf frá vinkonum og ættingjum, ferðaminningar og einkunnir úr barnaskóla.



Heimsókn þjóðskjalavarðar



Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður heilsaði upp á okkur í júlí. Margt bar á góma í samtali hennar og héraðsskjalavarðar s.s. helstu verkefni safnsins í samtímanum og framtíðinni.

Almennt um safnið

Héraðsskjalasafnið á Akureyri starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og Samþykkt fyrir Héraðsskjalasafnið á Akureyri frá árinu 2012.

Starfssvæði Héraðsskjalasafnsins á Akureyri nær yfir fimm sveitarfélög við Eyjafjörð, frá Hörgársveit vestan fjarðar til og með Grýtubakkahreppi austan Eyjafjarðar.

Íbúar á svæðinu voru 22.652 þann 1. janúar 2024.

Safnið er opið öllum sem á þjónustu eða upplýsingum þurfa að halda, hvort sem það er vegna vinnu, verkefna eða áhugamála. Safnið er opið mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá 10.00 til 16.00 en lokað er fyrir afgreiðslu á miðvikudögum.

Í grófum dráttum má skipta verkefnum starfsfólks í eftirfarandi þætti:

- Þjónusta og afgreiðsla við notendur safnsins
- Móttaka og varðveisla skjala frá skilaskyldum aðilum og einkaaðilum
- Skráning, frágangur og miðlun á skjalaskrárm á lestrarsal og á heimasíðu safnsins
- Ráðgjöf og eftirlit með skjalavörslu skilaskyldra aðila
- Rannsóknir, sýningar og miðlun safnkosts

Starfsfólk árið 2024

Lára Ágústa Ólafsdóttir
héraðsskjalavörður

Katrín Björg Þórisdóttir skjalavörður

Puríður Jóna Steinsdóttir skjalavörður


Auk þess vann Anna Björk Sigurðardóttir við miðlun hluta ársins.



Starfsfólk á bleikum degi í október 2024

Þjónusta og afgreiðsla við notendur

Á árinu 2024 voru gestir safnsins 440 alls, sem er nánast sama tala og árið áður. Hlutfall karla og kvenna var einnig nánast óbreytt en 65 % gestanna voru karlar og 35 % konur. Ákveðið var að gera hlé á kynningum á safninu fyrir grunnskólabörn. Kynningarnar voru fyrir 9. bekkinga sem komu í heimsókn á Amtsbókasafnið en tíminn var mjög knappur og matsatriði hvort þær skiluðu tilgangi sínum. Ekki er loku fyrir það skotið að þær verði teknar upp að nýju síðar.




Útlán voru samtals 3417 árið 2024 sem er svipað og árin tvö á undan. Þótt heildarfjöldi útlána hafi verið svipaður síðustu ár er ögn breytilegt hvað nýtur mestra vinsælda hvert ár.

Á heildina litið hefur útlánum á lestrarsal fækkað síðustu árin. Líklegasta skýringin er að notendur séu frekar að nýta sér safnefni sem birt er á netinu enda sýna tölur að margir eru að nota þann möguleika.



Útlán ársins 2024 voru með eftirfarandi hætti:

Lán á lestrarsal	718
Vegna fyrirspurna	378
Myndun o.fl.	229
Millisafnalán (efni sent)	167
Millisafnalán (efni fengið)	124
Lán til skjalamyndara	319
Vegna sýninga	1482



Aðföng og skráning


Árið 2024 voru afhendingarnar 64. Af þeim voru 13 frá skilaskyldum aðilum en 51 afhendinga kom frá einkaaðilum. Allar afhendingar nema ein voru á pappír.



Samtals voru afhendingar á pappír 41,19 hillumetrar. Rafræna afhendingin var 0,6 GB og kom frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Auk þess afhenti Heilbrigðiseftirlitið nokkuð af skjölum á pappír. Sjö afhendingar komu frá Akureyrarbæ og stofnunum á vegum bæjarins. Hjá Akureyrarbæ er unnið að skönnun húsaþekkinga og hönnunargagna en að því loknu koma pappírsskjölin til varðveislu á Héraðsskjalasafninu. Af þeim 41,19 hillumetrum sem bárust á árinu voru 28,6 hillumetrar teikningar frá bænum.

Eins og fram hefur komið voru 51 afhending frá einkaaðilum og voru þær samtals 6,86 hillumetrar. Það er því eins og áður, að fjöldi afhendinga einkaskjalasafna eru mun meiri en það sem kemur frá sveitarfélögum og stofnunum þeirra en ef litið er til umfangs þá er það sveitarfélögin sem hafa vinninginn.






Þegar Héraðsskjalasafnið var stofnað árið 1969 tók skjalaskráningin mið af ráðum og reynslu frá öðrum skjalasöfnum. Á sama tíma hófst skráning í aðfangabók. Byrjað var á tölustafnum einum og síðan var talið áfram eftir því sem bættist við árin sem liðu.

Í takt við nýrri vinnubrögð var farið að skrá í aðfangabók í samræmi við staðla í ársbyrjun 2001 og í gagnaskrá nokkru síðar, þótt ekki verði nákvæmlega munað eða séð hvað ár eða dag. Núna eru allar skráningar gerðar samkvæmt stöðlum enda er það mun faglegra og auðveldar samstarf skjalasafna til stafrænnar miðlunar og birtingar efnis á netinu.

Núna er skráð safnefni í tveimur aðalskrám sem endurspegla eldri og yngri vinnubrögð. Í ársbyrjun 2024 voru samtals rúmlega 59 þúsund færslur í báðum skránum. Skrár yfir skráð efni eru aðgengilegar sem pdf skjöl á heimasíðu safnsins. Talsvert efni er enn óskráð en umfang þess hefur ekki verið mælt nýlega.

Það væri óskandi að allt safnefnið væri skráð, eftir nútímastöðlum og aðgengilegt notendum. Veruleikinn er hins vegar eins og hér að framan er lýst. Ef mið er tekið af mannauði og öðrum verkefnum stendur valið í meginatriðum milli þess að beina athygliinni að því óskráða eða að yfirfara og bæta eldri skráningar. Fram að þessu hefur áherslan verið á það óskráða.




Úr afhendingu 2024/13

Heimasíðan - www.herak.is

Í febrúar 2009 opnaði Héraðsskjalasafnið heimasíðu sína á slóðinni herak.is.

Upphaflega var tilgangurinn að kynna safnið, svara spurningum um skjalavörslu og skjalahald, ásamt því að birta skjalaskrár safnsins en þær hafa verið aðgengilegar á síðunni frá upphafi. Skrárnar eru birtar á pdf formi en það er ekki í samræmi við nýjustu tisku og tækni. Samt duga þær vel og svara leit á netinu að sama skapi með ágætum. Eftir að farið var að mynda skjöl og birta á netinu hefur leiðin að þeim verið frá heimasíðunni.



Tölfræðin sýndi strax í upphafi að fólk var að nota heimasíðuna og þá til þess að skoða skjalaskrárnar. Eftir að birting á skjölum hófst jókst umferðin enn frekar, sem segir okkur að notendur safnsins eru allt eins að nýta safnkostinn heima við, eða þar sem best hentar hverju sinni.

Á árinu 2024 var forsiðan eðlilega vinsælust en þeir sem á annað borð héldu áfram að skoða vefinn fóru flestir inn á skjalavefinn og næstflestir skoðuðu skjalaskrárnar. Það vakti athygli að mikil aukning var milli áráanna 2023 og 2024 í „stökum gestum“ - eða það sem á útlensku heitir „unique visitors“. Þeir gestir koma inn á síðuna en fara strax til baka, kannski vegna þess að þeir sjá það sem leitað var að strax á forsiðunni eða sjá að þeir voru að leita að einhverju öðru. Aukningin var 94% milli ára. Einnig sást að þessi aukning kom erlendis frá, þ.e. íp tölur voru erlendar.

Tölur um fjölda af síðum sem er verið að skoða segja mun meira um notkun og gagnsemi heimasíðunnar en samt er forvitnilegt að leita skýringa á þessum mikla mun milli ára á stökum gestum. Skemmtilegasta skýringin er að nú er hægt að kaupa á netinu austurrískt gin sem heitir Herak en auk þess eru nokkrir einstaklingar með ættarnafnið Herak kappsamir á samfélagsmiðlum nú um stundir.



Viltu afhenda skjal?
Senda fyrirspurn
Lóg og reglugerðir
Um safnið



Afgreiddulutnar
miðudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og
föstudaga
kl. 10:00 - 16:00
miðvikudaga er lokað
sími 460 1290

Gagnlegar upplýsingar og tenglar



Skjalavörsla



Geymslukerfi



Málun



Froðleikur

7

Miðlunarverkefni 2024

Á árinu fékk safnið styrk til þess að mynda íbúaskrár á Akureyri frá árunum 1944 til og með 1949 og birta á netinu. Styrkurinn kom frá Þjóðskjalasafni. Að þessu sinni voru það starfsmenn safnsins sem sáu um verkið. Alls voru mynduð 20 bindi en þau eru þannig sköpuð að verkið krafðist nokkurra lagna. Afraksturinn var 5208 myndir. Þegar verkinu var lokið og manntölin komin inn á skjalavefinn voru 724 bækur, blöð, húsateikningar og fleira efni frá safninu aðgengilegt þar.

Sýningar, samfélagsmiðlar og akureyri.net



Brugðióð á leik við uppsetningu sýningar



Í nóvember var að venju sett upp sýning í anddyri safnsins í tilefni skjaladagsins. Þema skjaladagsins var að þessu sinni *Sjúkdómar, þjáning og dauði* og bar sýningin það heiti.

Á sýningunni voru m.a. skjöl tengd Kristneshæli, Gudmannsminde, heilsufari fólks, ráðum til bættrar heilsu og langlífis; að ógleymdum skjölum varðandi dauðann s.s. sálmaskrár, úrfararræður, húskveðjur og dánarvottorð. Skjölín voru í sýningarkössum, sýnd í sjónvarpi og einnig voru myndir og textar sett á spjöld til upphengingar.

Áfram var haldið við að birta skilgreiningar á hugtökum í skjalavörslu og skjalastjórn með innslögum á Facebook og Instagram undir yfirskriftinni *Vissir þú. Skjal vikunnar* var birt á tveggja vikna fresti á þessum sömu miðlum.

Á netmiðlinum akureyri.net voru birtir pistlar frá safninu u.þ.b. einu sinni í mánuði. Framsetningin er með líkum hætti og *Skjal vikunnar*, þ.e. mynd af einhverju skjali ásamt texta um það og/eða innihald þess. Flestir pistlanna á árinu tengdust götuheitum í Hagahverfinu á Akureyri en þar eru göturnar kenndar við fólk, sem þykir hafa borið hag samfélagsins fyrir brjósti og hefur með frægð sinni og verkum auglýst nafn bæjarins.

Fundir og fræðsla

Mörg af þeim námskeiðum sem starfsfólk nýtti sér á árinu 2024 voru rafræn enda eru möguleikar á að auka þekkingu sína með þeim hætti góðir. Námskeið og fundir sem starfsfólk tók þátt í voru þessi (sum rafræn, önnur ekki):

- Vorráðstefna Þjóðskjalasafns: *Upplýsingaöryggi í skjalavörslu og skjalastjórn – er eitthvað að varast?*
- Haustráðstefna Félags héraðsskjalavarða á Íslandi, haldin í Skálholti
- Hugvekja um sjálfbærni í opinberum innkaupum. Fræðsla á vegum mannauðsdeildar Akureyrarbæjar
- *Inngangur að skjalavörslu og skjalastjórn hins opinbera*. Námskeið á vegum Þjóðskjalasafns Íslands
- Fundur opinberra skjalasafna, haldinn á Þjóðskjalasafni Íslands
- Fræðslumorgunn í Brekkugötu 17: *Velliðan á vinnustað, fræðsla frá Sjálfsrækt heilsumiðstöð. Skyndihjálp, endurlifgun og hjartastuðtæki*, upprifjunarnámskeið á vegum Rauða krossins
- *Scope skjalakerfið og innleiðing þess á Borgarskjalasafni*. Andrés Erlingsson á Borgarskjalasafni kynnti á fræðslufundi Félags héraðsskjalavarða á Íslandi

Rekstraryfirlit 2024

Héraðsskjalasafnið á Akureyri er sjálfstæð skjalavörslustofnun sem Akureyrarbær rekur en Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandahreppur leggja til rekstrarfé í hlutfalli við íbúafjölda. Ríkissjóður styrkir safnið árlega og ákvarðast sú upphæð af fjárlögum hvers árs. Á árinu fékk safnið auk þess verkefnastyrk frá Þjóðskjalasafni til miðlunar safnefnis.

Rekstrarkostnaður alls kr.		68.281.138
40	Tekjur - sala og þjónusta	230.584 cr
40	Tekjur - húsaleiga	252.576 cr
40	Tekjur - framlag ríkissjóðs	1.007.106 cr
40	Tekjur - verkefnastyrkur Þjóðskjalasafns Íslands	1.460.000 cr
40	Tekjur - framlag sveitarfélaga utan Akureyrar	7.610.165 cr
51	Launakostnaður og annar starfsmannakostnaður	28.784.399
52	Rafmagn og hiti	2.100.000
52	Vörukaup	1.639.647
54	Miðstöð héraðsskjalasafna MHR	725.000
54	Húsaleiga og lausafjárleiga Fasteigna Akureyrarbæjar	32.480.272
54	Ræsting	1.300.000
54	Önnur þjónustukaup	1.251.820
Akureyrarkaupstaður kr.		57.720.707

Afhendingar 2024

Afh.nr.	Heiti safns	Afhendingaraðili	Tímabil	Hm	GB
2024/1	Útgerðarfélag Akureyringa	Sigfús Ólafur Helgason	1971-2023	0,47	
2024/2	Leikskólinn Krógaból	Leikskólinn Krógaból	2014-2023	1,21	
2024/3	Björg Finnbogadóttir (1928-2023)	Minjasafnið á Akureyri		0,01	
2024/4	Snorri Schiöth Bergsson (1955-)	Minjasafnið á Akureyri	1973-1987	0,06	
2024/5	Magnús Bjarnason (1900-1992)	Minjasafnið á Akureyri	1930-1970	0,03	
2024/6	Friðrika Jónmundsdóttir (1955-)	Friðrika Jónmundsdóttir	1946-1969	0,03	
2024/7	Starfsmannafélag Sambandsverksmiðjanna	Þorsteinn E. Arnórsson	1936-1980	0,08	
2024/8	Þelamerkurskóli	Þelamerkurskóli	1938-2023	1,12	
2024/9	Sagnfræðingafélag Akureyrar	Björn Vigfússon	1989-2007	0,08	
2024/10	Jón Árnason (1889-1944)	Jón Þór Árnason	1910-1913	0,03	
2024/11	Dýrleif Bjarnadóttir (1943-)	Halldóra Arnardóttir	1979-2008	0,14	
2024/12	Örn Ingi Gíslason (1945-2017)	Halldóra Arnardóttir	1983-2010	0,32	
2024/13	Páll Jónsson (1961-2021)	Þorlákur Axel Jónsson	1961-2021	0,3	
2024/14	Akureyrarbær	Akureyrarbær	1900-1977	0,03	
2024/15	Læknafélag Akureyrar	Læknafélag Akureyrar	1902-1995	0,22	
2024/16	Þórhalla Þorsteinsdóttir (1920-2016)	Ingimar Jónsson	1938-1939	0,03	
2024/17	Akureyrarbær - þjónustu- og skipulagssvið	Akureyrarbær	1920-2023	10,92	
2024/18	Akureyrarbær - fræðslu- lýðheilsusvið (skólaþjónusta)	Akureyrarbær		0,05	
2024/19	Jóhanna Björnsdóttir Austfjörð (1929-2024)	Ragnheiður Austfjörð	1929-1993	0,03	
2024/20	Rótarýklúbbur Akureyrar	Rótarýklúbbur Akureyrar	2007-2008	0,03	
2024/21	Klúbburinn Karl II	Klúbburinn Karl II	1993-2024	0,23	
2024/22	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	1945-2011	2,53	
2024/23	Eyjafljarðarsveit	Eyjafljarðarsveit	1989-2022	0,4	
2024/24	Æskulýðstýfkingin á Akureyri	Ingimar Jónsson	1952-1955	0,03	
2024/25	Akureyrarbær - þjónustu- og skipulagssvið	Akureyrarbær	1928-2024	5,72	
2024/26	Þorsteinn Davíðsson (1899-2000)	Hermann R. Herbertsson	1915-1917	0,03	
2024/27	Delta Kappa Gamma - Félag kvenna í fræðslustörfum	Delta Kappa Gamma - Félag kvenna í fræðslustörfum	1990-2023	0,06	
2024/28	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	2003-2014		6 MB
2024/29	Stoðvinir, vínafélag Minjasafnsins á Akureyri	Hallgrímur Gíslason	2007-2016	0,03	
2024/30	Félag eldri borgara á Akureyri	Hallgrímur Gíslason	1983-1986	0,03	
2024/31	Kvenfélagið Baldursbrá	Kvenfélagið Baldursbrá	2010-2024	0,03	
2024/32	Þór Sigurðsson (1949-2024)	Aðstandendur	1900-2023	1,2	
2024/33	Gunnur Ringsted (1947-)	Gunnur Ringsted	1950-1978	0,03	
2024/34	Árni Guðmundsson (1899-1971)	Svava Árnadóttir	1914-1932	0,03	
2024/35	Árni Björn Árnason (1935-2024)	Aðstandendur	1940-2024	0,7	
2024/36	Starfsmannafélag Slippstöðvarinnar	Aðstandendur Árna Björns Árnasonar	1973-1991	0,06	
2024/37	Sjúkrasamlag Grýttubakkahepps/ Sjúkrasamlag Suður-Pingeyinga	Aðstandendur Árna Björns Árnasonar	1967-1977	0,11	
2024/38	Halldór Hildingur R Friðjónsson (1939-2018)	Aðstandendur	1974-2005	0,03	
2024/39	Bjarni Áskelss. (1900-1965) og Jakóbína Vilhjálmsdóttir (1904-1975)	Valgerður Grímsdóttir	1900-1971	0,03	
2024/40	Kvenfélagið Hlíf	Birna Soffía Baldursdóttir	2007-2019	0,06	

Afh.nr.	Helsti safns	Afhendingaraðili	Tímabil	Hm	GB
2024/41	Magnús Guðlaugsson (1953-2024)	Aðstandendur	1969-1995	0,48	
2024/42	Jarðræktarfélag Akureyrar	Jóhannes Sigvaldason	1903-1944	0,03	
2024/43	Akureyrarbær - þjónustu- og skipulagssvið	Akureyrarbær	1920-2024	5,72	
2024/44	Björn Magnússon (1953-)	Björn Magnússon	1970-1987	0,03	
2024/45	Húsmæðraskólafélag Akureyrar	Björn Magnússon	1970-1978	0,03	
2024/46	Jón Guðmundsson (1892-1979) og Anton Jónsson (1928-2009)	Elísabet Gestsdóttir	1928-2009	0,27	
2024/47	Guðjón Björnsson (1929-)	Guðjón Björnsson	1964-2018	0,25	
2024/48	Hollvinir Húna EA 740	Sígfús Ólafur Helgason		0,06	
2024/49	Kvenfélagið Hlíf	Halldóra Stefánsdóttir	1950-2024	0,59	
2024/50	María Jóhannsdóttir (1929-2009)	Minjasafnið á Akureyri	1891	0,03	
2024/51	Söngfélagið Gigjan	Minjasafnið á Akureyri	1975-1986	0,03	
2024/52	Sigrún Guðmundsdóttir (1897-1987)	Jóhanna Sigurlaug Daðadóttir	1913-1987	0,06	
2024/53	Guðrún Sigurðard. frá Torfufelli (1911-1984) og Guðbjartur Snæbjörnss. (1908-1967)	Sólveig Dóra Hartmannsdóttir	1944-1983	0,08	
2024/54	Hrefna Svanlaugsdóttir (1912-2003) og Jón Magnússon (1901-1973)	Jóhanna Sigurlaug Daðadóttir	1927-1957	0,03	
2024/55	Félag frimerkjasafnara Akureyri	Signý Jónsdóttir	1974	0,03	
2024/56	Marínó Sigurðsson (1890-1952) og Soffía Sigurðardóttir (1898-1970)	Jóhanna Sigurlaug Daðadóttir	1930	0,03	
2024/57	Stefán Halldórsson (1913-1978)	Minjasafnið á Akureyri	1913-1978	0,03	
2024/58	Guðrún Hjaltadóttir (1938-2022)	Minjasafnið á Akureyri	1932-1953	0,03	
2024/59	Jón Heiðar Kristinsson (1928-1987)	Agnes Jónsdóttir	1917-1977	0,03	
2024/60	Ólafur Búi Gunnlaugsson (1953-2019)	Agnes Jónsdóttir	1949-2016	0,03	
2024/61	Samhygð - samtök um sorg og sorgarviðbrögð	Sindri Geir Óskarsson	1990-2011	0,24	
2024/62	Akureyrarbær - þjónustu og skipulagssvið	Akureyrarbær	1906-2024	6,24	
2024/63	Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar	Inga Margrét Árnadóttir	1972-2024	0,14	
2024/64	Árni Björnsson (1894-1966)	Gunnar Frimannsson	1959	0,03	

© Héraðsskjalasafnið á Akureyri

<https://www.herak.is>

herak@herak.is

Texti: Lára Ágústa Ólafsdóttir héraðsskjalavörður

Prófarkalestur: Hólmkell Hreinsson, Katrín Björg Þórisdóttir og Þorsteinn Gunnar Jónsson

Vefútgáfa: <https://www.herak.is/is/um-safnid/arsskrslur>